

## GJALDSKRÁ

**fyrir hunda- og kattahald í Rangárþingi ytra.**

### 1. gr.

- a) Gjald fyrir að halda hund, sbr. 1. lið 2. gr. samþykktar um hunda- og kattahald í Rangárþingi ytra, samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra 20. júlí 2011, skal vera kr. 8.155. Gjaldldagi er 1. mars og eindagi 31. mars vegna hunda sem eru á skrá um áramót, annars er 30 daga gjaldfrestur.
- b) Kostnaður vegna handsömunar hunda sem teknir eru lausir skal greiddur af hlutaðeigandi leyfiss-hafa eða umráðamanni hunds sé um leyfisslausa hunda að ræða. Sá kostnaður greiðist með hand-sömunargjaldi sem er eftirfarandi:
  - Í fyrsta sinn kr. 12.235
  - Í annað sinn kr. 17.674
  - Í þriðja sinn kr. 23.112
- c) Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrir en að lokinni skráningu.
- d) Hafí eigandi skráðs hunds lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af sveitarstjórn Rangárþings ytra er heimilt að veita allt að 25% afslátt af gjöldum samkvæmt a- og b-lið gjald-skrár þessarar samkvæmt nánari reglum sem sveitarstjórn setur. Sveitarstjórn getur sett reglur um afsláttarkjör fyrir hundaeigendur sem hafa í hvítetna fullnægt ákvæðum samþykktar um hunda-hald í ákveðinn árafjölda eftir nánari ákvörðun sveitarstjóra.

### 2. gr.

- a) Þeir sem fá heimild til að halda kött, sbr. samþykkt um hunda- og kattahald í Rangárþingi ytra skulu greiða fyrir það skráningargjald kr. 2.446 sem rennur í sveitarsjóð. Er gjaldinu ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd fyrrgreindrar samþykktar sbr. 6. gr. hennar.
- b) Föngunargjald skv. 14. gr. sömu samþykktar skal vera kr. 2.719 í fyrsta skipti en síðan hækkar það í kr. 5.438 ef til föngunar kemur aftur innan 6 mánaða frá fyrri föngun. Að auki skal umráða-maður kattar greiða þann kostnað sem til fellur svo sem dvalar- og geymslukostnað. Óskráða ketti má ekki afhenda fyrir en að lokinni skráningu, greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

### 3. gr.

Ofangreind gjaldskrá, sem samþykkt er af sveitarstjórn Rangárþings ytra með vísun til heimildar í samþykkt um hunda- og kattahald í Rangárþingi ytra, samþykkt á fundi hreppsráðs 20. júlí 2011, staðfestist hér með, samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

*Samþykkt á fundi sveitarstjórnar, 9. desember 2021.*

**Ágúst Sigurðsson** sveitarstjóri.